

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Birnu Lárusdóttur um bættu aðstöðu við Reykjavíkflugvöll og framtíð innanlandsflugs.

1. *Hvað líður fyrirætlunum um að bæta aðstöðu flugfarþega og flugfélaga við Reykjavíkflugvöll og hvað hefur valdið þeim tölum sem orðnar eru á betrubótunum?*

Þrjú afgreiðslustaðir fyrir farþega eru starfræktir á Reykjavíkflugvelli. Flugfélag Íslands rekur einn, flugfélagið Ernir annan og Flugþjónustan á Reykjavíkflugvelli þann þriðja.

Eins og kunnugt er voru uppi hugmyndir um að reisa samgöngumiðstöð á norðaustursvæði flugvallarins, sem m.a. skyldi gegna hlutverki flugstöðvar við Reykjavíkflugvöll. Töluverð vinna og fjármunir, um 50 millj. kr. frá Flugstöðum ohf., nú Isavia, voru lögð í verkefnið. Verkefnið var unnið í samstarfi Reykjavíkurborgar og flugmálayfirvalda. Ekki náðist samkomulag um þetta þrátt fyrir góðan vilja ríkisins.

Árið 2011 hófust samningaumleitani milli ríkisins og Reykjavíkurborgar með það að markmiði að endurbæta aðstöðu fyrir farþega og þjónustuaðila á flugvöllinum við núverandi flugstöð Flugfélags Íslands. Náðst hefur samkomulag milli innanríkisráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um þau atriði sem að ráðuneytinu snúa en borgin gerir kröfu um að ljúka samtímis viðræðum við fjármálaráðuneytið um að fá til ráðstöfunar land við flugvöllinn, annars vegar við Skerjafjörð og hins vegar við Öskjuhlíð. Þeim viðræðum er ekki lokið.

2. *Hver er stefna ríkisins hvað varðar gjaldtöku í innanlandsflugi?*

Framlög ríkisins til flugvalla hafa dregist saman á undanförunum árum, rekstrarkostnaður við þá aukist (m.a. vegna aukinna öryggiskrafa) og notendagjöld lækkað, að raungildi, fram til ársins 2012. Þetta hefur m.a. komið niður á viðhaldi kerfisins, sem ekki gengur til lengdar. Við þessu hefur verið brugðist með hækkunum þjónustugjalda, í samræmi við samgönguáætlun. Gera verður ráð fyrir að hækkanið komi fram í flugfargjöldum en þau eru ákveðin af flugrekendum hvort sem um ríkisstyrkt flug er að ræða eða ekki.

Stefna ríkisins um gjaldtöku í innanlandsflugi er að hafa gjöldin hófleg en þau ráðast mjög af framlögum til málaflokksins á fjárlögum og þörf til að viðhalda lágmarksþjónustu. Um er að ræða tvo fjárlagaliði, 06-651-1.13 Styrkir til innanlandsflugs, 338,0 millj. kr., og 06-672-1.01 Flugvellir og flugleiðsögupjónusta, 1.786,0 millj. kr., árið 2013.

3. *Hvaða áhrif hafa auknar álögur ríkisins á innanlandsflug á framtíðarmöguleika þess?*

Hækkun þjónustugjalda hefur tvíþætt áhrif á framtíðarmöguleika innanlandsflugs.

- Hækkun þjónustugjalda gerir ríkinu kleift að halda öruggum rekstri flugvallakerfisins gangandi lengur en ella. Þannig aukast líkurnar á því að innanlandskerfið verði rekið áfram til framtíðar.
- Hækkun þjónustugjalda kemur fram í hærri flugfargjöldum. Hvort það verður til að draga úr flugi fer meðal annars eftir því hvort sambærilegar hækkanið hafa orðið við að nota bílinn, helsta samkeppnisaðila flugsins.

Á fyrstu 11 mánuðum ársins 2012 dró úr fjölda farþega, samkvæmt tölum frá Isavia, á Reykjavíkflugvelli um 4,4%, sem að stórum hluta stafar af samdrætti á flugi til Grænlands, á Akureyrarflugvelli um 1,6%, á Egilsstöðum um 1% og á öðrum flugvöllum um 0,2%. Til samanburðar dró úr umferð samkvæmt sextán teljurum Vegagerðarinnar á hringveginum um 0,4% milli ára 2011 og 2012, og á fimm þeirra á Norðurlandi um 4,1%. Um Akureyri fer yfir helmingur innanlandsflugfarþega. Samdrátturinn í fluginu er því minni en í bílaumferð. Það er eigi að síður skoðun flugrekenda að gjaldtaka hafi dregið úr farþegafjölda og frekari gjaldtaka muni draga enn frekar úr farþegafjölda, sem brugðist verði við með fækkun flugferða eða jafnvel með því að leggja niður flugleiðir.

4. Eru forsendur fyrir flugþjónustu til jaðarsvæða Íslands brostnar?

Markaðslegar forsendur fyrir flugþjónustu til jaðarsvæða á Íslandi eru ekki og hafa ekki verið fyrir hendi. Einkarekstur ber ekki flug nema til örfárra staða á Íslandi í dag og það þó að rekstur flugvallanna sé ríkisstyrktur. Flug til tiltekinna jaðarsvæða er því styrkt af þeim sökum. Það er ljóst að flug til þessara staða mun ekki verða sjálfbært og segja má að flug til þeirra sé háð stefnu ríkisins í byggðamálum. Ríkið styrkir nú flug til Bíldudals, Gjögurs, Grímseyjar, Þórshafnar, Vopnafjarðar og Hafnar sem segja má að sé forsenda þess að flugi til þeirra staða verði haldið uppi.

Ráðherra leggur ríka áherslu á mikilvægi innanlandsflugs fyrir lífsgæði og öryggi fólks á landsbyggðinni og á vegum ráðuneytisins er nú unnið að gerð félagshagfræðilegrar úttektar á framtíð áætlunarflugs innan lands, eins og það er skilgreint í samgönguáætlun 2011–2022.